



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Suðurbyggðavegur við Skjöldólfsstaði 31.3.2013

Málsnr. 2013-U005



Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Suðurbyggðavegur við Skjöldólfsstaði 31.3.2013

Útafakstur

Látin, 3 ára stúlka

Samantekt

Slysið varð við heimreiðina að Skjöldólfsstöðum í Breiðdal. Ökumaður fjórhjóls ók austur Suðurbyggðaveg (nr.966) og hugðist beygja inn á heimreiðina að Skjöldólfsstöðum. Hann var með farþega á fjórhjólinu, þriggja ára stúlku, sem sat fyrir framan hann. Þegar ökumaður hugðist beygja jókst inngjöf og valt hjólið með þeim afleiðingum að stúlkan lést samstundis. Rannsóknarnefnd samgönguslysa brýnir það fyrir forráðamönnum barna að þeir gæti varúðar, sýni ábyrgð og fylgi reglum sem um ökutækin gilda.

Aðstæður

Veður og birta: Dagsbirta, 3 m/sek, sólskin, þurr vegur.

Vegur: Malarvegur. Hámarkshraði 80 km/klst.

Tími sólarhrings: Dagur

Ökutæki: Suzuki LTA torfærutæki (fjórhjól)

*Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

*Heimasíða:
www.rnsa.is*

*Tölvupóstfang:
rnu@rnu.is*

Lýsing á slysi

Slysið varð klukkan 15:55 við heimreiðina að Skjöldólfsstöðum í Breiðdal. Ökumaður fjórhjóls ók austur Suðurbyggðaveg (nr. 966) og hugðist beygja inn á heimreiðina að Skjöldólfsstöðum. Ökumaður var með farþega á fjórhjólinu, þriggja ára stúlku sem sat við bensíntankinn fyrir framan hann. Þegar ökumaður lagði á hjólið í beygju valt það og hafnaði vinstra megin við upphaf heimreiðarinnar. Stúlkan varð undir hjólinu og lést samstundis. Ökumaður hlaut einnig meiðsli í slysinu, vankaðist og átti erfitt með andardrátt. Ökumaður og farþegi voru ekki með hjálm þegar slysið varð. Fjórhjólið er ekki ætlað til aksturs á vegum og bannað er að flytja á því farþega.



Við heimreiðina að Skjöldólfsstöðum. Hjólinu var beygt til hægri af Suðurbyggðavegi þegar það valt.

Ökumaður lýsir því að fyrir slysið hafi hann ekið á um 40 km/klst hraða eftir Suðurbyggðavegi. Farþegi á hjólinu, stúlkan, sat fyrir framan ökumann sem klemmdi að henni með fótunum svo hún hefði stuðning. Þegar ökumaður kom að afleggjaranum að Skjöldólfsstöðum og hugðist beygja bætti hjólið við sig bensíni og rauk upp í hraða. Að sögn ökumanns reyndi hann að ná öflugra gripi á stýrinu og grípa stúlkuna þar sem hún lá með andlitið fram á hendur sér, hægra megin við bensínlokið. Hann náði ekki að stjórna hjólinu og valt það við afleggjarann. Aðspurður útilokaði ökumaður ekki þann möguleika að höfuð stúlkunnar hefði rekist í inngjof hjólsins í beygjunni og því hafi ekki hægst á hjólinu.



Mynd af stýri hjólsins. Þumalfingur hægri handar er á inngjöf hjólsins. Pláss fyrir framan ökumann er ekki mikið og breikkar sætið fram.

Ökutækið var af gerðinni Suzuki LTA torfæruhjól. Hjólið er ekki ætlað til notkunar á vegum sem eru opnir almennri umferð auk þess sem bannað er að hafa farþega á hjólinu, samanber 43.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Skýrar varúðarmerkingar voru á því um þessi atriði auk tilmæla um að ökumenn noti ávallt hjálm við akstur. Framkvæmd var skoðun á hjólinu eftir slysið með sérstakri áherslu á stýri og inngjöf en ekkert óeðlilegt kom fram við þá rannsókn.



Mynd af varúðarmerkingum á hjólinu. Þar kemur m.a. fram að ökumenn eigi að nota hjálm, að hjólinu skuli hvorki ekið á vegum né með farþega.

Þegar slysið varð var bjart veður og hægur vindur. Suðurbyggðavegur og heimreiðin að Skjöldólfsstöðum eru með malarslitlagi og er hámarkshraði 80 km/klst. Vegurinn er tæpir 5 metrar á breidd og laus mól í miðju og vegköntum.

Áfengis- og lyfjamæling ökumanns leiddi í ljós að hann var ekki undir áhrifum þegar slysið varð.

Orsakagreining

- Barn, sem var farþegi á torfærutæki, féll og varð undir því þegar ökumaður missti stjórn á tækinu.
- Óheimilt var að flytja farþega á torfærutækinu.
- Ökumaður og farþegi notuðu ekki öryggishjálma.

Ábendingar

Samkvæmt 43. grein umferðarlaga (nr. 50/1987) er óheimilt að reiða farþega á torfærutæki á hjólum. Í slysinu við Skjöldólfsstaði er farþegi á hjólinu þriggja ára barn sem hvorki hefur líkamlegan þroska til að vera á ökutækinu, né vitsmunalegan þroska til að skynja hættu sem hraða þess getur fylgt. Það má ekki ætla barni að halda sér í á ferð, sem hvorki nær niður að fótstigum né góðri festu með höndum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa brýnir við forráðamenn barna að þeir hafi heilsu þeirra að leiðarljósi, sýni ábyrgð og fylgi reglum sem um þessi ökutæki gilda.

Skýrslan var samþykkt af:

**Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen**

**Reykjavík 1.júlí 2014
Rannsóknarnefnd samgönguslysa**